

**Sp.**

**755. Nefndarálit**

**[7. mál]**

um till. til þál. um þjóðgarð við Gullfoss og Geysi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna, farið yfir umsagnir og fengið á fund sinn aðila sem þetta mál heyrir undir. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með þessum

**BREYTINGUM:**

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta skipuleggja svæðið umhverfis Gullfoss og Geysi í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Verði Skipulagi ríkisins falin framkvæmd málsins í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir, Náttúruverndarráð og Geysisnefnd.

Skipulagið miðist við það að tryggja að umhverfi Gullfoss og Geysis verði ekki raskað með mannvirkjagerð, að nauðsynleg ferðamannaþjónusta verði byggð upp á einum stað á svæðinu og að byggingar og samgönguleiðir falli sem best að umhverfinu.

2. Fyrirsögn till. verði: Till. til þál. um skipulag svæðisins umhverfis Gullfoss og Geysi.

Fjarverandi við lokaafgreiðslu málsins voru Eggert Haukdal, Birgir Ísl. Gunnarsson og Stefán Benediktsson.

Alþingi, 8. apríl 1986.

Ólafur P. Þórðarson,  
form., frsm.

Pétur Sigurðsson.

Eiður Guðnason.

Guðmundur J. Guðmundsson.